

## Skólanefndarfundur haldinn í FSH 21.08.2017

Mættir eru skólanefndarmennirnir Sigurgeir Höskuldsson formaður, Hjálmar bogi Hafliðason, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir og Helena Eydís Ingólfsdóttir gegnum fjarfundarbúnað. Arna Ásgeirsdóttir fulltrúi foreldra, Viktoría Eydal Ingimarsdóttir fulltrúi nemenda, Valdimar Stefánsson fulltrúi kennara, Herdís Sigurðardóttir skólameistari og Halldór Jón Gíslason aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Staðan í rekstri skólans.
2. Nemendatölur í upphafi annar.
3. Samstarfsviðræður FSH, FL og ÞÞ.
4. Tilhögun ráðningar skólameistara.
5. Önnur mál.

*Sigurgeir Höskuldsson* formaður skólanefndar setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Gengið er til dagskrár.

*Herdís* veltir upp mögulegu vandamáli. Vantar upplýsingar frá ráðuneyti hvernig aðalmenn skulu skipaðir í stjórn skólanefndar.

### **1. Staðan í rekstri skólans.**

- Herdís* fer yfir rekstraryfirlit skólans. Nokkrir liðir farið fram yfir áætlun sem talin var óraunhæf í upphafi. Húsaleiga var vanáætluð um 3 milljónir.
- Styrkur til fámennra skóla gerði það að verkum að skólinn gat greitt birgjum.
- Frávik í ferða og fundakostnaði.
- Herdís* varpar fram hugmynd um þak á kostnað fjarnema fyrir fjölda eininga. Það er að nemendur borgi aldrei meira en fyrir 3 áfanga.
- Mikill árangur í að minnka kostnað vegna yfirvinnu, kemur þó niður á þjónustu við nemendur.
- Í lok árs 2016 var skuld framhaldsskólans við Ríkissjóð um 10 milljónir en er nú komin niður í 5.443.957 krónur. Handbært fé er nú 1.014.590 krónur. *Herdís* segir að ráðuneytið sé ánægt með rekstur skólans, þó skorti ennþá á rekstrarfé.
- Námsframboð við skólann er skert.
- Aðgerðir sem skólinn hefur farið í til að lækka kostnað:
  - Minnka stöðu aðstoðaskólameistara niður í 50% úr 65%.
  - Yfirvinna höfð í lágmarki.
  - Íþróttatímum fækkað um 50%.
  - Samningur við Norðurþing um leigu á húsnæði FSH vegna tómsunda.
  - Viðverutími tölvuumsjónarmanns skertur um klukkustund á viku.

-*Hjálmar Bogi* segir skólann vera of þægan, það þurfi að láta finna fyrir sér. Það megi ekki minnka þjónustu og skerða gæði náms.

-*Helena* tekur undir með *Hjálmar*, segir að við meigum ekki skera þjónustuna niður en við þurfum að segja hingað og ekki lengra.

-*Sigurgeir* segir að það þurfi að herja á pólitíkina um peninga.

-*Herdís* segir netþjónn skólans vera á síðustu metrunum, búið að fullnýta hann. Þráðlaus netbúnaður einnig orðinn lélegur. Getur haft í för með sér mikil útgjöld.

## **2. Nemendatölur:**

-Skráðir nemendur eru 96 í heild, 29 nýnemar.

-71% heimtur úr Borgarhólsskóla.

-Tveir formlegir fjarnemar, 5 fjarmenntaskólanemar og 7 grunnskólanemar. 5 endurinnritaðir nemendur.

-Svipaður fjöldi og í fyrra. Voru um 100. Færri nemendaeiningar að baki.

## **3. Samningaviðræður FSH, FL og ÞÞ.**

-Vandi skólanna er fækkun nemenda, þó ástæður fækkunar séu ólíkur í grunninn. FSH hefur heimamarkað sem hann leitar í og þarf að bjóða upp á nám sem hentar fjöldanum. FL hefur fína heimavist, nærri engan heimamarkað og vandamál nemenda eru frekar leyst heima fyrir í stað þess að senda þá í aðra skóla og því fækkar nemendum. Íþróttabrautin er sérstaða FL.

-Það eru færri nemendur inni í kerfinu vegna fjórðungs styttingar framhaldsskólanámsins.

-Viðræður skólanna eru liður í að spyrna frá sér svo skólarnir geti komið með eigið útspil til stjórnvalda.

-Ýmsar sviðsmyndir dregnar upp.

-Það þarf að standa vörð um hagsmuni skólans.

-*Sigurgeir* telur báða skólana vera komna upp við vegg, nú þurfi að leggjast í samningaviðræðurnar, jafnframt að tryggja nemendum viðunandi námsframboð við FSH.

-*Hjálmar Bogi* veltir fyrir sér hvort að slík nefnd (þ.e samninganefnd FSH, FL og ÞÞ) sé sett á laggirnar til að koma í veg fyrir að aðrir þurfi að taka ákvörðun um framtíð skólanna.

-*Herdís* segir að námsframboðið við skólann þurfi að vera spennandi og þarf að geta þjónað nemendum.

-*Viktória* ræddi hugmyndir um aukið samstarf skólanna í félagslífinu svo sem tengt dillidögum og Tónkvísl.

## **4. Tilhögun ráðningar skólameistara.**

-Ráðuneytið óskar eftir því að *Herdís* taki við starfinu. Óvíst hvers vegna ráðuneytið ákveður að ráða ekki.

-*Sigurgeir* veit ekki hvernig ráðuneytið mat umsækjendurna, telur að ráðuneytinu hafi ekki hugnast að ráða nýjann skólameistara til 5 ára.

-*Hjálmar Bogi* telur skólanefnd hafa verið hafða að fífla í þessu ferli, nefndin hafi farið yfir umsóknir og án útskýringar hafi verið fallið frá ráðningu á þeim umsækjendum sem fyrir lágu. Vinnubrögð ráðherra og ráðuneytis séu til skammar varðandi ráðningarferlið í heild. Lýsir þó yfir fullum stuðningi við núverandi stjórnendur skólans. Gagnrýninni sé beint að ráðherra og ráðuneyti.

-*Sigurgeir*, segir ástæðu þess að horfið var frá þeim umsækjendum sem fyrir lágu þá að verið sé að skoða framhaldsskólastigið og samstarf skóla í heild innan ráðuneytisins.

-Rætt um að senda bréf á ráðuneyti vegna vinnubragða við ráðningu skólameistara.

## 5. Önnur mál.

-30 ára afmæli skólans verður haldið 15. september. Dagskrá frá 13-16. Boðsbréf sent í öll hús og öll fyrirtæki í bænum.

-Nýnemadagar, Viktoría fer yfir móttöku nýnema og fyrirhugaða viðburði.

-Vörðuvikur eru mikilvægur liður í leiðsagnamati, koma sitt hvorum megin við miðannarmat.

-Nærri allt nám í boði sem fjarnám.

-Nám fyrir leiðbeinendur á Hvalaskoðunarbátum farið í gang.

-Nefndir og ráð að fara af stað. Liggur fyrir að það þurfi að kjósa í nýtt foreldraráð.